

Garðabær-Bæjarskrifstofur
Arinbjörn Vilhjálmsson
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Umhverfisstofnun
Áb. _____
28 JUNI 2010
10.4.2
Tilv. _____



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 23. júní 2010
Tilvísun: UST20100100693/áb

Breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016. Suðvesturlínur.

Vísað er til erindis Skipulagsstjóra Garðabæjar dags. 21. janúar 2010 sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2004-2016.

Fyrirhugaðar breytingar eru hluti af stærra verkefni Suðvesturlína sem eiga að styrkja flutning raforku á milli raforkuvera og neytenda á Suðvesturlandi. Innan sveitamarka Garðabæjar er um tvö breytingarsvæði að ræða. Fyrra svæðið er ofan Húsafells. Þar eiga að rísa tvær nýjar línur, Búrfellslína 3 og Sandskeiðslína 1. Einnig stendur til að auka flutningsgetur núverandi línu, Kolviðarhóllslína 2, um sama svæði, sem meðal annars felur í sér 2-3 m jafnaðarhækkun á línunni. Seinna svæðið er nær byggð (Grunnuvötn, Vífilstaðahlíð, Urriðakotshraun). Á þessu svæði eru Hamraneslínur 1 og 2, ásamt Hnoðraholtslínu. Þegar Búrfellslína 3 og Kolviðarhóllslína 2 eru komnar í rekstur er áformað að Hamraneslína 1 og 2 verði fjarlægðar en Hnoðraholtslína mun standa áfram.

Landslag og ásýnd

Ein helstu umhverfisáhrif af lagningu Suðvesturlína eru á landslag. Til að minnka heildaráhrif framkvæmdarinnar er lögð til sú mótvægisáðgerð að fjarlægja eldri línur af svæðinu. Samkvæmt sýnileikakorti þá mun þessi áðgerð meðal annars minnka sýnileika háspennulína nær byggð í landi Garðabæjar, og því bæta sjónræna upplifun þar. Hins vegar mun lagning nýrra háspennulína ofan byggða rýra landslag og sjónræna upplifun á því svæði. Í heildina litið mun framkvæmdin fela í sér aukinn sýnileika háspennulína, en á móti kemur að línusvæðum fækkar.

Jarðmyndanir og náttúruvernd

Suðvesturlínur skarast við og fara yfir nokkur svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/199 um náttúruvernd. Línan fer, meðal annars yfir Reykjanesfólkvang og Bláfjallafólkvang, á leiðinni Sandskeið að Hrauntungum. Ný lína verður lögð eftir eldri línuleið á öllum þessum svæðum, sem lágmarkar rask á hrauni. Slóðagerð og uppsetning mastra mun raska hrauni sem er verndað samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Ef samnýting slóða er ekki möguleg ber að hlífa hrauni og einstaka jarðmyndunum eins og

kostur er við lagningu slóða og plana fyrir möstur. Leggja ætti efni út í stað þess að ryðja leið gegnum hraunið. Þannig mætti endurheimta landið sem fer undir vegi og plön ef línurnar verða fjarlægðar í framtíðinni.

Suðvesturlínur fara meðal annars yfir friðlöndin Reykjanesfólkvang og Bláfjallafólkvang. Ekki má raska landi í þessum fólkvöngum nema til komi leyfi Umhverfisstofnunar.

Gróðurfar og vatnsvernd

Framkvæmdaraðili fyrir Suðvesturlínum hefur staðið fyrir rannsókn á sýnilegum gróðurskaða við háspennumöstur á Suðvesturlandi, en rekja má skaðann til sinks sem veðrast af háspennumöstrum. Sem mótvægisáðgerð er það lagt til að hafa línuvegi og plön undan helstu úrkomuátt við ný möstur, ásamt því að tryggja möstur með hágæða sinkhúð frá framleiðanda.

Suðvesturlínur munu liggja yfir brunnsvæði við Húsfell og á grannsvæði vatnsverndar í Garðabæ. Umhverfisstofnun telur jákvætt að framkvæmdaraðili fari ekki í framkvæmdir yfir vetrarmánuði, þegar meiri líkur eru taldar á mengunarslysum. Út frá vatnsverndarsjónarmiðum, áhrifa á gróður og ásýnd landslags telur Umhverfisstofnun að lágmarka ætti umferð um línuslóða, að aflokinni framkvæmd með því að loka línuveginum fyrir almennri umferð. Hamraneslínur 1 og 2 liggja að hluta til einnig yfir grannsvæði vatnsverndar, og ættu því ofangreindar vinnureglur einnig að gilda við niðurrif og frágang þeirra.

Fuglar

Samkvæmt skýrslu Jóhanns Óla Hilmarssonar & Ólafs Einarssonar 2009, Fuglar og gróður á línuleiðum á Suðvesturlandi: „Niðurrif Hamraneslínu er mjög jákvæð mótvægisáðgerð, þar sem línan er ein alræmdasta drápslína á Íslandi“, en línan virðist drepa flesta fugla þar sem hún fer yfir Hrauntúnstjörn, Kirkjuhólmatjörn og Myllulækjartjörn. Þó Hamraneslínur liggja ekki yfir vötn í landi Garðabæjar má gera ráð fyrir að niðurrif þeirra dragi einnig úr línuáflug fugla innan sveitarfélagsins, sem er jákvætt.

Niðurstaða

Á skipulagsstigi Suðvesturlína hefur eins og kostur er verið tekið mið af því að lágmarka hugsanleg umhverfisáhrif. Til marks um það eru viðbótarlínur lagðar meðfram fyrirbyggjandi línunum og gamlir línuslóðar notaðir eins og kostur er. Vegna mengunarhættu telur Umhverfisstofnun mjög brýnt að sérstök varúð verði viðhöfð við framkvæmdir á vatnsverndarsvæðum, bæði við lagningu Suðvesturlína og við niðurrif Hamraneslína. Einnig telst mikilvægt að við lok framkvæmda verði gerðar ráðstafanir til að takmarka alla ótilheyrandi vélknúna umferð eftir línuslóðunum.

Virðingarfyllst

Asgeir Björnsson
Asgeir Björnsson
sérfræðingur

Ólafur A. Jónsson
deildarstjóri